

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa settum yfirdómurum.

1874.

26. maí.

Í bræfi 11. febrúar þ. á. hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér 29. ágúst f. á. hafið skipað amtmann Berg Thorberg, kansallráð Árna Thorsteinson og skrifara Jón Jónsson í hinn konunglega íslenska landsyfirrætt, til þess að dæma í tveimur málum, sem fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson hafði áfrýjað til yfirrættarins, og sem háyfirdómari Þórður Jónassen og yfirdómari Magnús Stephensen höfðu höfðað gegn honum við undirrættinn útaf meidýrðum í prentuðu riti, en allir dómendur í yfirrættinum höfðu í ágústm. f. á. vikið úr sæti í þeim málum. Yfirrættarstefnur Benedikts Sveinssonar í báðum málunum áttu að koma í dóm 8. septbr. næstkomanda, en áfrýjandinn kom ekki; voru þá bæði málin tekin til dóms og þeim vísað frá 22. s. m. En með því Benedikt Sveinsson þegar áður hafði mælt til, að ný yfirrættarstefna yrði útgefin, höfðuð þér ákveðið 12. s. m., að dómendur þeir, sem þér höfðuð skipað í yfirrættinn um stundar sakir, skyldi dæma í öllum þeim málum, sem kæmi til landsyfirrættarins útaf málaskotum í fyrnefndum meidýrða málum, og samkvæmt þessu dæmdi hinn setti yfirrættur 17. nóvbr. í báðum málunum, sem á ný var áfrýjað til yfirrættarins. Dómararnir, sem settir voru, mæltust síðan til, að þeim yrði goldin þóknun sú, sem ákveðið er í konungsúrskurði 25. septbr. 1816, og væri 10 rd. fyrir hvert þeirra fjöggra mála, sem dæmt hafði verið í, með því eigi væri gjörður neinn munur á því í úrskurðinum, hvort mál væri dæmt að formi til eða efni.

Þér voruð samt á því, að það væri nokkuð efasamt, hvort þeim að réttu lagi yrði veitt þóknun fyrir fleiri mál, en tvö, þaræð eigi mætti beita úrskurðinum 1816, sem er sèrstakleg ákvörðun, fram úr því, sem nauðsyn er til í hverju einstöku tilfelli samkvæmt eðli málsins, en hær virtist eigi vera nauðsyn á að veita þóknun fyrir fjögur mál, með því yfirrætturinn í rauninni eigi hefði meðhöndlað fleiri eða önnur mál en tvo undirrættardóma, sem skotið hafði verið til yfirrættar, enda hefði afgreiðsla þessara mála eigi

1874.

26. maí.

verið erfið, og hefði hvorttveggja málið bæði að málafærslu til og dómi verið alveg samkynja. Þér hafið því að eins ávísað hverjum af hinum settu dómendum 20 rd. fyrir tvö mál, og að öðru leyti eptir tilmælum þeirra skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort þeir ætti tilkall til meira, en jafnframt hafið þér borið upp, hvort eigi væri ástæða til að fara þess á leit, að ákvörðunin í úrskurðinum frá 1816 verði úr gildi numin.

Útaf þessu gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið getur eigi sæð betur, en að hær sé í raun og veru um fjögur mál að ræða, en þar fyrir finnst eigi vera ástæða til að gjöra nokkra breytingu á úrskurði þeim, sem þér, herra landshöfðingi, hafið lagt á málið, með því úrskurðurinn frá 1816 eigi veitir þeim, sem settir eru, nokkurn rétt til þess að fá þóknun fyrir hvert mál, heldur að eins felur stiptamtanni vald til að veita þeim slíka þóknun.

Þegar úrskurðurinn er skilinn á þessa leið, finnst stjórnarráðinu eigi heldur vera næg ástæða til, að fara þess á leit, að hann verði úr gildi tekinn, og það því síður, sem þegar lítið er til þess atviks, sem gjörði, að þessi úrskurður kom út, verður að beita honum, ef aðrir verða settir en embættismenn.

26. maí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ávörp til konungs.¹

Með bréfum, dagsettum 2. og 6. þ. m., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað tvö þegnleg þakkarávörp til hans hátignar konungsins í tilefni af stjórnarskránni um hin sérstaklegu mál-efni Íslands 5. janúar þ. á.; var annað þeirra frá alþingismönnum þeim, sem búsettir eru í Reykjavík og þar í grennd, og frá embættismönnum og borgurum í nefndum bæ, en hitt frá íbúum suðurhluta Gullbringusýslu, og hefir mér veizt sú sæmd, að færa

¹) Þetta bréf er prentað á Íslenzku í Þjóðólfi, 26. Árg., 33. blað, en er þar nokkuð öðruvísi en hér.